

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 8/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Benjamín Þór Þorgrímssyni

(Sigurður Georgsson hrl.) og

Rúnari Hallgrímssyni

(Örn Clausen hrl.).

Nauðgun. Skaðabætur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. desember 1992 að ósk ákærðu, sem krefjast sýknu. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á refsingu og greiðslu skaðabóta.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti gerði ríkissaksóknari þá kröfu, að atferli ákærðu yrði fellt undir 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, auk 194. gr. laganna, sem getur í ákæru. Verjendur andmæltu þessari breytingu á málalíbúnaði ákærvaldsins. Á það verður ekki fallist, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, til þess, að 202 gr. hegningarlaga komi nú til álita, enda var meðferð málsins í héraði ekki við það miðuð, og grundvelli málsins væri þá raskað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Benjamín Þór Þorgrímsson greiði málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur.

Ákærði Rúnar Hallgrímsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 25. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 25. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Símoni Sigvaldassyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-35-36/1992: Ákærvaldið gegn Benjamín Þór Þorgrímssyni og Rúnari Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms 5. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. ágúst sl., á hendur ákærðu, Benjamín Þór Þorgrímssyni, kt. 120773-5349, Hjallabrekku 5, Ólafsvík, og Rúnari Hallgrímssyni, kt. 270373-4889, Hábrekku 13, Ólafsvík, „fyrir kynferðisbrot gagnvart telpunni X, fæddri [...] 1978, aðfaranótt föstudagsins 1. maí 1992 í herbergi nr. 12 í húsinu Gimli, Keflavíkurgötu 4, Hellissandi.

Ákærða Benjamín Þór er gefið að sök að hafa þröngvað telpunni til holdlegs samræðis með ofbeldi og með aðstoð meðákærða, Rúnars, sem færði telpuna úr buxum og nærbuxum. Ákærða Rúnari er gefin að sök hlutdeild í ofangreindum verknaði með þeim hætti, sem áður er lýst.

Telst háttsemi Benjamíns Þórs varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. nú 2. gr. laga nr. 40/1992, en háttsemi ákærða Rúnars við sömu lagagreinar, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þólandi málsins hefur gert þá kröfu, að ákærðu verði dæmdir til að greiða sér 500.000 kr. í miskabætur ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 4. maí 1992 til greiðsludags.

Málavextir.

Kl. 18.00 laugardaginn 2. maí sl. kom á fund lögreglunnar í Ólafsvík X, fædd [...] 1978, þeirra erinda að kæra Benjamín Þór Þorgrímsson, annan ákærðu í máli þessu, fyrir nauðgun í húsinu Gimli, Keflavíkurgötu 4, Hellissandi, aðfaranótt föstudagsins 1. maí sl. Samkvæmt kæru X hafði ákærði Benjamín nauðgað henni með aðstoð Rúnars Hallgrímssonar, sem einnig er ákærður í málinu, með því að Rúnar hefði fært hana úr buxum og nærbuxum, á meðan Benjamín hefði haldið henni. Með X í för á lögreglustöðina var A [...]. X hafði þá skömmu áður farið á Heilsugæslustöðina í Grundarfirði.

Samkvæmt læknisvottorði Hallgríms Magnússonar, lækni á Heilsugæslustöðinni í Grundarfirði, dags. 3. maí 1992, kom X á heilsugæslustöðina laugardaginn 2. maí sl. kl. 16.50 og tilkynnti nauðgun. Í vottorðinu segir: „Skoðun: Hún er skoðuð vandlega hátt og lágt með tilliti til áverkamerkja, en ekki sjást neinir marblettir eða áverkamerki. Talsverð eymsli eru í rectus-vöðvum neðan við nafla og 15 cm þar niður af.

Við gyn-skoðun er ekki hægt að sjá nein áverkamerki á ytri kynfærum nema væga bólgu í spönginni (perineum), og eru þar talsverð eymsli. Ekki verður vart við nein laus hár. Við skoðun með speculum er vagina eðlileg og sömuleiðis cervix, en talsvert blóð er í vagina.

Við þreifingu er rectus abdominis talsvert aumur, eins og áður er getið, en engin eymsli í legi eða til hliðanna.“

Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlækisfræði, skoðaði sýni, er Hallgrímur Magnússon læknir tók á Heilsugæslustöðinni í Grundarfirði 3. maí 1992. Í vottorði Gunnlaugs, dags. 5. júní sl., segir m.a.:

„Í bréfi, dagsettu 1. júní 1992, óskar Rannsóknarlögregla ríkisins eftir rannsókn á eftirfarandi sýnum úr framangreindu máli:

Nr. 1. Strok úr leggöngum á nokkur gler, sem síðan eru fixeruð.

Nr. 2. Grisja vætt í vökva úr leggöngum og þurrkuð, tekið 6 klst. seinna en hið fyrra.“

Síðar segir í vottorðinu: „Niðurstaða: Rannsóknin leiddi ekki í ljós teikn um sæði í framangreindum sýnum, og verður því ekki kveðið á um, hvort nauðgun hafi átt sér stað.“

Í vottorði Hlyns Þorsteinssonar, lækni á Heilsugæslustöðinni Sólvangi, dagsettu 4. nóvember 1992, segir: „Hér með vottast, að X kom á stofu til mín dagana 5. maí, 12. maí og 25. maí 1992 til skoðunar og með einkenni, sem rekja má til árásar, sem hún varð fyrir þá skömmu áður á Hellissandi.“

Af hálfu tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins fór fram rannsókn á þeim fatnaði, er X var í aðfaranótt föstudagsins 1. maí 1992. Um rannsóknina segir: Nærbuxur. Í klofbótinni er blóð. Annað ekkert athugavert, sem rekja mætti til málsatvika. Buxur: Tveir síðuvasar og einn lítill vasi inni í hægri vasa. Tveir bakvasar. Annað ekkert athugavert, sem rekja mætti til málsatvika. Síðermabolur, hnepptur með þremur tölum í hálmáli. Annað ekkert athugavert, sem rekja mætti til málsatvika.

Tæknideildin tók einnig ljósmyndir af vettvangi svo og af ofangreindum fatnaði. Einnig voru gerðar afstöðuteikningar af vettvangi. Þá voru teknar ljósmyndir af X.

Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumaður, sem vann að ofangreindri rannsókn málsins af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, kom fyrir dóminn og staðfesti framangreind gögn tæknideildar.

Niðurstöður.

X hefur frá upphafi haldið því fram, að sér hafi verið nauðgað af ákærðu í herbergi nr. 12 í húsinu Gimli, Keflavíkurgötu 4, Hellissandi, umrædda nótt. Hafi nauðgunin orðið með þeim hætti, að ákærðu, þá er þeir höfðu vísað fólki út úr herberginu, hefðu lagt hana niður í rúm í herberginu og ákærði Rúnar afklætt hana, á meðan ákærði Benjamín hefði haldið henni. Að því loknu hafi ákærði Benjamín haft samfarir við sig nauðuga.

Ákærðu hafa frá upphafi staðfastlega neitað sakargiftum. Hafa þeir viðurkennt, að ákærði Rúnar hafi fært X úr buxum og nærbuxum, en það hafi verið með hennar samþykki. Þá hafa þeir einnig viðurkennt, að ákærði Benjamín hafi haft samfarir við X, en það hafi einnig verið með hennar samþykki.

Vitnin B, Svanberg Eypórsson og Sigbór Ægisson hafa öll borið, að X hafi komið grátandi út úr herbergi nr. 12 um nóttina og sagt, að ákærðu hefðu nauðgað sér.

Framburður vitnanna Guðmundar Sveins Bragasonar, Bjargar Guðmundsdóttur og Herdísar Hervinsdóttur þykir eigi skipta máli um niðurstöðu málsins, enda gátu þau eigi borið um atvik í húsinu Gimli greinda nótt.

Við meðferð málsins hefur eftirfarandi komið fram:

Ákærði Rúnar hefur borið, að ákærði Benjamín hafi staðið við rúm herbergisins eða dyr þess, þá er ákærði afklæddi X úr buxum og nærbuxum. Ákærði Benjamín hefur staðhæft, að hann hafi þá setið við hlið ákærða Rúnar í rúminu. Við yfirheyrslur hjá lögreglu 5. maí bar ákærði Benjamín, að hann hefði ekki haft hendur á X, þá er ákærði Rúnar færði hana úr buxunum, eftir því er hann myndi best. Á öðrum stigum rannsóknarinnar hefur ákærði þverneitað því að hafa haft hendur á X.

Ákærði Benjamín neitaði því hjá lögreglu að hafa reynt að láta X sjúga getnaðarlim sinn. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði, að hann hefði setið yfir brjósti X, áður en ákærði Rúnar reyndi að hafa við hana samfarir, í þeim tilgangi að láta hana sjúga getnaðarlim sinn.

Ákærði Benjamín bar fyrir dómi, að X hefði einnig verið án klæða að ofanverðu. Því hafa X og ákærði Rúnar neitað.

Fyrir dómi 3. maí bar ákærði Benjamín, að ákærða Rúnari hefði tekist að hafa fullkomnar samfarir við X, áður en hann hafði við hana samfarir. Þann framburð sinn hefur ákærði á seinni stigum dregið til baka.

Ákærði Benjamín hefur haldið því fram, að hann hafi opnað dyr herbergisins og sýnt vitnunum B og Svanberg Eypórssyni það, hvar ákærði Rúnar hefði reynt að hafa samfarir við X. Ekki kannast vitnin B og Svanberg við það, að þeim hafi verið sýnt inn í herbergið.

Ákærði Rúnar hefur viðurkennt, að X hafi mótmælt því deyfðarlega, er hann í fyrstu færði hana úr buxum og nærbuxum, og síðan, er hann þuklaði

á kynfærum hennar. Mótmælin hefðu ásamt því, að getnaðarlimur sinn hefði ekki risið, verið ástæða þess, að hann hætti við að hafa við hana samfarir.

Ákærðu ber ekki saman um, með hvaða hætti ákærði Benjamín og X höfðu samfarir, eftir að ákærði Benjamín skipti um samfarastellingu.

Enda þótt X bæri ekki áverka eða önnur sýnileg ytri merki um, að hún hefði lent í átökum, þykir ástand hennar og hegðun, er hún kom grátandi út úr herberginu, eindregið benda til þess, að eitthvað mjög alvarlegt hafi komið fyrir hana inni í herberginu. Hefur hún frá upphafi, sbr. framburð hennar og vitna hér að framan, verið sjálfri sér samkvæm og hvergi hvikað frá í frásögn sinni um það, hvað gerðist á milli hennar og ákærðu. Á hinn bóginn hefur framburður ákærðu breyst nokkuð við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og síðan enn að nýju fyrir dómi. Þá þykir það ekki varpa trúverðugleika á frásögn ákærðu, að þeir hafa báðir borið því við, að atburði muni þeir óglöggst sökum áfengisáhrifa, þegar þess er gætt, að einstaka atburði næturinnar virðast þeir muna mjög vel.

Telja verður ósennilegt, að stúlka svo ung sem X og þar að auki með blæðingar, hefði verið fús til þeirra atburða, er fram fóru í herberginu greinda nótt, enda verður að hafa í huga, að hér áttust við annars vegar tveir karlmenn, annar 19 ára og hinn 18 ára, en hins vegar stúlka, aðeins 13 ára gömul. Þá þykir það hátterni ákærðu að læsa dyrum herbergisins og dvöl þeirra beggja þar, það, að þeir afklæddu sig báðir í þeim tilgangi að hafa við X samfarir, það, að ákærði Rúnar afklæddi hana, og beiðni hennar til hans um að hætta, styrkja það, að ákærðu skipti engu máli vilji hennar, heldur að fá fullnægt kynfýsn sinni, eftir því sem geð þeirra og geta var til.

Telja verður, að eðlilegt hefði verið, að X hefði farið rակleitt á lögreglustöðina í Ólafsvík og kært þar ákærðu, en í stað þess fór hún að, Hellisandi. Á hitt er að líta, að X skýrði öllum frá því í upphafi, með hvaða hætti ákærðu hefðu nauðgað sér. Vitnið A hefur greint frá því, að X hefði verið ráðlagt að bíða með að kæra nauðgunina, þar til A hefði komið frá Reykjavík laugardaginn 2. maí sl. Með vísan til þess og málsatvika þykir sá dráttur á, að X kærði atferli ákærðu til yfirvalda, ekki draga úr sannleiksgildi framburðar hennar.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, þykir sannað, að ákærði Benjamín Þór hafi umrætt sinn þröngvað X til holdlegs samræðis við sig með líkamlegu ofbeldi og að ákærði Rúnar hafi veitt honum liðsinni í verki til þess verknadár. Ákærði Benjamín Þór hefur með atferli sínu brotið gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og ákærði Rúnar með atferli sínu brotið gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940, sbr. einnig 2. gr. laga nr. 40/1992.

Sakaferill.

Ákærði Benjamín Þór hefur tvívegis á árinu 1991 gengist undir dómsáttir í sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, annars vegar fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, en hins vegar vegna brota gegn 217. gr. sömu laga og 21. gr. áfengislaga. Hinn 14. mars 1991 var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár á hendur honum vegna brota á 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Rúnar Hallgrímsson hefur tvívegis gengist undir dómsáttir í sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 30. ágúst 1989 vegna brota á ákvæðum umferðarlaga um ölvunarakstur. Þá gekkst hann undir dómsátt 10. september 1990 vegna brota á ákvæðum umferðarlaga um akstur yfir leyfilegum hámarkshraða.

Refsingar.

Með skírskotun til atvika allra í máli þessu, eins og þau hafa verið rakin hér að framan, hins mjög svo alvarlega sakarefnis og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi að fullu til frádráttar fangelsisrefsingunni.

Skaðabætur.

X hefur krafist þess, að ákærðu greiði sér 500.000 kr. í bætur fyrir miska. Þá er krafist hæstu leyfilegu vaxta frá 4. maí sl. til greiðsludags. Kröfuna rökstyður hún m. a. með eftirfarandi: „Andlegt ástand mitt eftir ofbeldisverknad þennan hefur verið slæmt, þar sem ég upplifði mikla hræðslu og niðurlægingu. Allar tilfinningar eru nú dofnar, og finnst mér sem öryggi mínu hafi verið ógnað og grunninum verið kippt undan trausti mínu á öðru fólki. Ekki er enn séð fyrir endann á, hverjar afleiðingar nauðgunarinnar verða fyrir mig í framtíðinni. Ég mun geta lagt fram vottorð um afleiðingarnar og liðan mína, þegar frá liður, verði þess óskað.

Ég hef nú þegar þurft að leita mér sérhæfðrar aðstoðar vegna afleiðinga nauðgunarinnar.“

Ákærðu hafa mótmælt skaðabótakröfunni.

Svo sem gögn málsins bera með sér, hefur brotaþoli orðið fyrir andlegum og líkamlegum þjáningum vegna háttsemi ákærðu. Verður litið svo á, að henni beri bætur vegna þessa, og þykir rétt að taka kröfuna til greina að fullu, þannig, að ákærðu greiði X í miskabætur 500.000 krónur. Skal fjárhæðin bera dráttarvexti frá 4. maí sl. til greiðsludags. Bæturnar skulu ákærðu greiða óskipt.

Sakarkostnaður.

Ákærði Benjamín Þór greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Sigurði Georgssyni hrl., í málsvarnarlaun 80.000 krónur.

Ákærði Rúnar greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Erni Clausen hrl., í réttargæslu- og málsvarnarlaun 100.000 krónur.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Benjamín Þór Þorgrímsson og Rúnar Hallgrímsson, sæti hvor um sig fangelsi í tvö ár, en til frádráttar með fullri dagatölu komi sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærðu.

Ákærðu greiði X óskipt í miskabætur 500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 4. maí 1992 til greiðsludags.

Ákærði Benjamín Þór greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hrl., 80.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Rúnar greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hrl., 100.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs 80.000 krónur.
